

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Styrktar- og minningarsjóð Tjarnar, Þingeyri.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktar- og minningarsjóður Tjarnar, Þingeyri. Stofnfé er kr. 1.000.000, ein milljón króna, sem er gjöf barna Gísla Vignis Vagnssonar og Guðrúnar Sigríðar Jónsdóttur á Mýrum í Dýrafirði.

#### 2. gr.

Sjóðinn stofna þau Mýrasystkin til minningar um foreldra sína, Gísla Vigni Vagnsson og Guðrúnu Sigríði Jónsdóttur, fyrrum ábúendur á Mýrum í Dýrafirði.

Tekjur sjóðsins til framtíðar verða gjafafé, frjáls framlög, andvirði minningarspjalda, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem sjóðurinn aflar. Eignir sjóðsins skulu aldrei vera minni en helmingur stofnframlags að raungildi miðað við vísitölu neysluverðs í ágústmánuði 2001.

#### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að bæta aðbúnað og afþreyingu eldri borgara í Dýrafirði í tengslum við Tjörn. Stjórn sjóðsins veitir fé úr sjóðnum samkvæmt nánari reglum er sjóðsstjórn setur sér.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, forstöðumaður Tjarnar, Þingeyri og skal hann vera formaður, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ og fulltrúi félags eldri borgara í Dýrafirði. Hlutverk stjórnar er að vinna að tilgangi sjóðsins og annast rekstur hans. Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og skal færa í gerðabók skipulagsskrá þessa, niðurstöður ársreiknings og allar samþykktir sjóðsstjórnar, þ.m.t. ákvarðanir um úthlutun fjár til einstakra verkefna.

Sparisjóður Vestfirðinga á Þingeyri skal ávaxta sjóðinn eftir nánari ákvörðun stjórnar Styrktar- og minningarsjóðs Tjarnar.

#### 5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum. Stjórnarmenn hljóta enga þóknun fyrir stjórnarstörf sín.

#### 6. gr.

Ákveði sjóðsstjórn að leggja sjóðinn niður, skulu eignir hans að frádragnum skuldum, renna til félags eldri borgara í Dýrafirði. Ákvörðun um að leggja sjóðinn niður þarf að hljóta samþykki allra stjórnarmanna og dómsmálaráðuneytisins.

#### 7. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera, að þær hljóti samþykki allra stjórnarmanna og staðfestingu dómsmálaráðherra.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. september 2001.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

Fanney Óskarsdóttir.